

## Skýrsla vegna umsóknar um Grænfána

Umhverfismál haust 2008 – vor 2010



**Umhverfisráð  
Fossvogsskóla 2009-2010**

Allt frá stofnun skólans hefur verið lögð áhersla á umhverfismál. Fossvogsskóli hefur fjórum sinnum fengið Grænfánann, í fyrsta sinn vorið 2002, í annað sinn vorið 2004, í þriðja sinn í maí 2006 og í fjórða sinn í júní 2008. Nú sækir skólinn um Grænfánann í fimmta sinn.

Skólaárin 2008-2009 og 2009-2010 hefur starf í umhverfismálum verið hefðbundið en samkvæmt reglum Grænfánans þarf skólinn stöðugt að bæta sig og verður það erfiðara og erfiðara að uppfylla þau skilyrði. Við í Fossvogsskóla teljum að með því að halda í horfinu sé miklu erfiðara en að vinna í ákveðinn tíma að einhverju ákveðnu markmiði, s.s. að ná Grænfánanum í fyrsta sinn. Við álítum að við höfum náð það langt að halda í horfinu í umhverfismálum að spurning sé hvort það nægi ekki. En mikill vill meira og við stefnum ávallt að því að bæta okkur.

Það er í stefnu skólans að efla lýðheilsu nemenda, bæði hreyfingu og hollustu í mat.

### **Ferill umhverfismála frá upphafi**

Árið 1981 var byrjað að slökkva á loftræstikerfi skólans á kvöldin, um helgar og í leyfum.

1991 fengum við styrk frá VONarsjóði KÍ til að útbúa námsefni um umhverfismál „Umhverfið skiptir það máli?“ og haldin var stór sýning með tali og tónum.

1991 var tekið á móti dagblöðum og rafhlöðum frá heimilum nemenda og krassblöð gerð aðgengileg á öllum vinnusvæðum.

1991/1992 var byrjað að safna drykkjarfernum og senda í endurvinnslu.

1991 gekk allt starfsfólk skólans í „slökkviliðið“ sem þýðir að sá sem síðastur yfirgefur vinnusvæði skal slökkva ljósin.

1992 tóku 11 ára nemendur þátt í norrænni samkeppni um umhverfismál.

1993 var byrjað að flokka pappír og senda í endurvinnslu.

## Skýrsla vegna Grænfána mars 2010

1996 gaf Námsgagnastofnun út námsefnið „Umhverfið skiptir það máli?“ eftir Stefaníu Björnsdóttur, kennara við skólann.

2001 tókum við þátt í Grænfánaverkefninu, evrópsku umhverfisverkefni á vegum Landverndar.

2001 tókum þátt í Skóla – Vist, verkefni sem er unnið í samstarfi við Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar, Sorpu og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Vorið 2001 fengum við styrk úr þróunarsjóði grunnskóla fyrir verkefnið „Græna hverfið“. Upplýsingar um það má finna á heimasíðu skólans.

Vorin 2000 og 2001 fékk skólinn viðurkenningu frá Fræðslumiðstöð, Sorpu og Hreinsunardeild gatnamálastjóra fyrir bestan árangur í verkefninu “Fernur á grænni grein”.

Haustið 2001 var skipuð umhverfisnefnd í skólanum en í henni sitja fulltrúar nemenda, kennara, starfsfólks og foreldra og sett voru fram umhverfismarkmið fyrir skólann.

Frá áramótum til vors 2002 fóru allir nemendur skólans á vistvæn vals væði þar sem fram fór mikil umhverfisfræðsla og um vorið var stór sýning: „Grænir dagar“ þar sem áhersla var á hönnun, verndun og skemmtun.

Í mars 2002 hófst flokkun á lífrænum úrgangi úr skólastofum, kennslueldhúsi og kaffistofu kennara.

Vorið 2002 var byrjað að nota umhverfisvænar ræstivörur.

Vorið 2002 fékk Fossvogsskóli viðurkenningu kr. 200.000 frá nefnd um bættu umgengni í grunnskólum Reykjavíkur. Keypt voru hljómflutningstæki fyrir nemendur.

Frá 2002 hafa nemendur hreinsað skólalóð vikulega.

Í maí 2002 afhenti Landvernd Fossvogsskóla Grænfánann sem viðurkenningu fyrir framúrskarandi starf í umhverfisvernd- og umhverfis – og náttúrufræðslu.

## Skýrsla vegna Grænfána mars 2010

Skólaárin 2002 til 2003 og 2003 til 2004 höfum við fengið margar heimsóknir frá öðrum skólum, símhringingar og kynnt starf okkar víða. Reynt var að þrýsta á lausn í sorphirðumálum skólans með Fræðslumiðstöð og fleiri aðilum.

Vorið 2003 var gerður samstarfssamningur við Gámaþjónustuna vegna sorphirðu við skólann. Áður voru tólf ruslatunnur notaðar undir almennt sorp en nú hefur þeim fækkað í sex.

Haustið 2003 voru þrír umhverfis dagar með áherslu á umhverfisstefnu skólans.

Frá haustinu 2003 höfum við flokkað allt lífrænt úr mótuneyti nemenda, einnig allar handþurrkur og bylgjupappa.

Haustið 2003 hættum við að selja fernudrykki. Komi nemendur með drykk að heiman eru þeir beðnir að hafa hann í umhverfisvænum umbúðum, t.d. margnota plastflösku.

Frá október 2003 höfum við vikulega veitt viðurkenningu fyrir góða umgengni í skólastofum.

Frá haustinu 2003 hafa allir árgangar skólans fengið umhverfisfræðslu í náttúrufræði og lífsleiknitímum.

Vorið 2004 fékk Fossvogsskóli Grænfánann í annað sinn.

Í teiknimyndasamkeppni Skóla á grænni grein lenti íslenska myndin sem krakkarnir í Fossvogsskóla gerðu í 8. sæti.

Frá hausti 2005 munu 10 ára nemendur fara árlega í kynnisferð í Sorpu.

Á miðju skólaári 2005 – 2006 söfnuðu nemendur og starfsfólk skólans skólavörum fyrir nemendur í Gambíu. 11 ára nemendur sáu um að flokka og pakka skólavörum sem fara til Gambíu með gámi á vegum Rauða krossins. 12 ára nemendur fóru í heimsókn í flokkunarstöð Rauða krossins í Hafnarfirði og fengu kynningu á starfsemi.

## Skýrsla vegna Grænfána mars 2010

Haustið 2005 var hætt að senda fréttabréf skólans í pappíriformi. Reynt er að nota heimasíðu skólans sem mest

Vorið 2006 voru settir handblásara á öll salerni skólans til að minnka pappírnotkun sem var umtalsverð.

Í febrúar 2006 var könnun um umhverfismál send heim með nemendum. Þeir og foreldrar þeirra svöruðu könnuninni í sameiningu.

Haustið 2006 byrjuðum við á að safna tónum blekhylkjum úr prenturum og Múlalundur tekur við þeim.

Haustið 2007 var byrjað að flokka allt plast í skólanum og hefur tunnum undir almennt sorp fækkað stórum við þá aðgerð.

Í ágúst 2008 fór starfsfólk skólans á námskeið í Fossvogsstöð um Grenndarskóga.

12. september 2008, á umhverfisdegi Menntasviðs, var undirritaður samningur á milli Fossvogsskóla, Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og Menntasviðs um grenndarskóg Fossvogsskóla og þátttöku skólans í Lesið í skóginn verkefninu (LÍS). Grenndarskógar Fossvogsskóla eru í Fossvogsstöð í Fossvogsdal sem Skógrækt Reykjavíkur hefur aðsetur og í Elliðaárdal en stefnt er að því að koma upp aðstöðu á skólalóðinni í framtíðinni. Í Fossvogsstöð var komið upp aðstöðu í lundi fyrir nemendur skólans. Þar er hægt að setjast niður, hlusta á sögur og grilla ef vill.

Áður hefur komið fram að við í skólanum leggjum áherslu á lýðheilsumál. Einn angi af þeirri stefnu er að hvetja nemendur til að hreyfa sig, m.a. að ganga eða hjóla í skólann.

Í október 2009 og febrúar 2010 var gerð könnun á ferðavenjum nemenda í 3.-7. bekk til og frá skólanum í samstarfi við samgöngusvið Reykjavíkurborgar. Gera á þriðju könnunina í maí til að fá samanburð. Fossvogsskóli tók þátt í verkefninu *Göngum í skólann* og voru nemendur hvattir til að koma gangandi eða hjólandi í skólann en það er stefna skólans að hvetja til þess árið um kring. Mest hefur verið 158 reiðhjól í hjólastöndum skólans og þýðir það að helmingur nemenda

komi á reiðhjólum í skólann. Af þessu erum við stolt. Þó dregur úr hvatningu þegar frost og snjór er hvað hjólreiðar varðar.

Vorið 2010 er stefnt að því að samgöngustefna skólans verði tilbúin.

### **Varðliðar og höfðingjar:**

Fram til vors 2009 voru valdir tveir varðliðar í hverjum bekk sem voru kennara til aðstoðar í flokkun í kennslustofu og að að fylgjast með umgengni og að slökkt yrði í stofum ef enginn væri þar. Haustið 2009 var Varðliða kerfinu breytt þannig hver nemandi er Varðliði í eina viku í senn. Úr hverjum árgangi er svo einn fulltrúi, Höfðingi, sem situr í Umhverfisstjórn skólans sem fundar a.m.k. tvisvar á önn.

10 ára nemendur fara á Úlfljótsvatn á hverju ári til að gróðursetja tré (Skólaskógar) en Fossvogsskóli á merktan reit á svæðinu.

**Útikennsla** er í öllum árgöngum tvisvar í viku. Útikennsla er hluti af Umhverfismennt sem er kennd í öllum árgöngum.

**Molta - lífrænn úrgangur:** Á hverju hausti tæma nemendur safnkassa sem í er molta. Nemendur í hverjum hópi hjálpast að að dreifa moltunni í beð skólans. Nemendur skólans fá fræðslu um hvernig lífrænn úrgangur verður að moltu í safnkössum á skólalóðinni. Einnig gróðursetja nemendur haustlauka í skólabeðin.

### **Umhverfis dagar Fossvogsskóla 11. – 12. september 2008**

Dagana 11. - 12. ágúst 2008 voru umhverfis dagar í Fossvogsskóla.

Fimmtudaginn 11. september fóru hópar 1, 2, 3, 4, 5 og 6 í Hellisgerði

En hópar 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 15 fóru í gönguferð um Elliðaárdal og borðað var nesti þar.

Föstudaginn 12. september var undirritaður samningur um Grenndarskóga Fossvogsskóla í viðurvist allra nemenda skólans. Lífrænn úrgangur úr safnkössum var dreift í beð og haustlaukar gróðursettir.

Markmiðið með þessum degi er að efla umhverfisvitund nemenda og hvetja þá til að huga betur að umhverfi sínu og bættri umgengni almennt.

Í tilefni dagsins hvöttum við alla nemendur og starfsfólkað hjóla eða ganga í skólann.

### **Veraldarvinir í Fossvogsskóla 4. september 2009**

Föstudaginn 4. september fengu við í Fossvogsskóla góða gesti. Það voru 17 sjálfboðaliðar á vegum Veraldarvina. Þeir koma frá nokkrum löndum, s.s. Spáni, Ísrael, Finnlandi, Japan og Kóreu. Ástæðan fyrir komu þeirra til Íslands var að efla umhverfisvitund nemenda í 5.-6. bekk, fræða þau um náttúruna og sýna þeim mismunandi leiðir til að endurvinna ruslið á heimilinu.

### **Umhverfisdagur Menntasviðs 14. sept. 2009**

Hver hópur skólans er úthlutað sínu beði sem þeir eiga að halda við og sjá um að séu hrein og snyrtileg. Af tilefni af Umhverfisdegi Menntasviðs var ákveðið að fegra umhverfi skólans. Einnig dreifði hver hópur moltu í beðin sín en molta er jarðvegur úr lífrænum úrgangi. Moltan sem nemendur dreifðu varð til úr lífrænum úrgangi, grænmeti og ávöxtum, frá þeim í stofunum.

### **Útivistardagur var föstudaginn 28. september:**

Í stað hefðbundinna umhverfisdaga skólans fóru allir nemendur í útileiki og skólahlaup var þreytt.

Í september-október 2008 og 2009 tók skólinn þátt í verkefninu Göngum í skólann.

### **Lýðheilsurannsókn í Fossvogsskóla**

Haustið 2006 hófu nemendur í 2. bekk í Fossvogsskóla þátttöku í rannsóknarverkefninu „Lífsstíll 7-9 ára grunnskólabarna.“ Rannsóknin er langtíma-íhlutunarrannsókn sem mun verða í framkvæmd næstu tvö árin. Rannsóknin er samstarfsverkefni KHÍ og HÍ með góðum styrk bakhjarla á borð við sjávarútvegsfyrirtækið BRIM hf og RANNÍS. Í byrjun árs 2010 voru niðurstöður þessarar rannsóknar birtar og samkvæmt henni hreyfðu grunnskólabörnin, sem tóku þátt í þessu tveggja ára íhlutunarverkefni sig meira, voru í betra líkamlegu formi og borðuðu hollari mat að tveimur árum liðnum samanborið við börn í viðmiðunarhóp. Niðurstöður verkefnisins sýna að mögulegt er að breyta lífsstíl og lifnaðarháttum barna á jákvæðan hátt með réttum íhlutunaraðgerðum í almennu skólastarfi.

## Mötuneytið

Haustið 2004 var byrjað að nota eingöngu krydd án MSG. Pappakassar eru sendir til baka með birgjum eða notaðir áfram í skólanum.

## Þrif

Stöðugt er unnið í því að gera þrif skólans sem vistvænust. Umhverfisvænar ræstivörur voru reyndar í Fossvogsskóla vorið 2002, fyrst í stað í smáum stíl en í byrjun árs 2004 var skipt yfir í hreinlætisvörur merktar **Svaninum** frá fyrirtækinu Síon hreinlæti. Það á við um allt hreinsiefni sem skólinn notar. Auk þess að vera umhverfisvænt er hægt að nota eitt og sama efnið á alla fleti, þ.e. borð, gólf og gler og er þá þynnt með tilliti til notkunar. Það einfaldar þar með öll þrif og auðveldar leiðir til sparnaðar.

Sérstakt umhverfisvænt efni er notað á klósett til sótthreinsunar. Umhverfisvænt hreinsiefni fyrir uppþvottavél í mötuneyti var tekið í notkun í janúar 2006.

Skólinn á þvottavél og þurrkara og þvær alla klúta og þveгла. Vaxandi notkun er á trefjaklútum og er stefnt að því að nota þá eingöngu. Kosturinn við trefjaklúta er sá að hægt er að spara sápu efni allt að 90%.

Stefnt er að því taka alfarið upp umhverfisvæna ræstingu, notkun á trefjaklútum og trefjaþveglum og nota ræstivagna sem innhalda trefjalínu.

Frá haustinu 2007 var ráðið ræstingarfyritæki til að ræsta í skólanum og eitt af þeim skilyrðum sem sett voru var að fyrirtækið notaði umhverfisvænar ræstivörur með áherslu á trefjalínuna.

## Skólalóðin

Hver hópur ber ábyrgð á beði á skólalóðinni.

## Flokkun í Fossvogsskóla

**Lífrænn úrgangur** af ávöxtum og grænmeti úr skólastofum ásamt sagi úr smíðastofu fer í opinn safnkassa á skólalóð. Þessi losum er eingöngu í umsjón 11 ára nemenda.

**Lífrænn úrgangur** úr mötuneytum fer í jarðgerð hjá Gámaþjónustunni.

**Blandað sorp** er urðað hjá Sorpu.

**Gæðapappír** fer í endurvinnslu gæðapappírs hjá Sorpu.



**Blandaður pappír** fer í endurvinnslu blandaðs pappírs hjá Sorpu.

**Pappi** fer í endurvinnslu pappa hjá Sorpu.

**Fernur**, nemendur eru hvattir til að koma með drykki í fjölnota umbúðum.

**Gosdósir og gosflöskur.**

**Gler** fer flokkað til Sorpu.

**Málmar**, dósir og fl. fer flokkað til Sorpu.

**Rafhlöður** fara flokkaðar til Sorpu.

**Handþurrkur** fara með lífrænum úrgangi til Gámaþjónustunnar.

**Timbur – trjágreinar** er tætt niður í flísar í móttöku- og flokkunarstöð Sorpu.

**Vax** - gamlir kertaafgangar í öllum litum fara til kertagerðar að Sólheimum í Grímsnesi.

**Allt plast**, haustið 2007 hófum við að flokka allt plast í skólanum.

**Flúrperur(rör)**

**Blekhylki**, notuð eru áfyllanleg blekhylki.

## **Sorp**

Áður en Fossvogsskóli byrjaði í Grænfána verkefninu voru notaðar 12 sorptunnur undir almennt rusl á viku. Nú 9 árum seinna er notkunin 1-2 tunnur á viku og munar þar mikið um að allt plast er flokkað.

## **1. Umhverfisnefnd**

Í hverjum hópi skólans eru allir nemendur umhverfisvarðliðar og eru tveir nemendum varðliðar viku í senn. Hlutverk þeirra er að vera kennaranum til aðstoðar við að framfylgja umhverfismarkmiðum skólans. Einn nemandi úr árgangi er síðan umhverfishöfðingi og situr í umhverfisnefnd skólans sem fundar reglulega. Í nefndinni sitja sex fulltrúar nemenda, einn úr hverjum árgangi, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsfólks (umsjónarmaður skólans) tveir deildarstjórar og einn fulltrúi foreldra. Fundargerð er sett inn á heimasíðu skólans. Á árinu 2006 voru sex fundir. Árið 2007 voru tveir fundir um vorið. Skólaárið 2007-2008 hefur verið haldinn einn fundur. Haustið 2009 voru haldnir tveir fundir og ætlunin er að halda tvo fundi vorið 2010.

Frá haustinu 2008 hafa nemendur losað lífrænan úrgang út í safnkassa.

## **2. Mat á stöðu umhverfismála**

Á fundum umhverfisnefndar er stöðugt rætt um stöðu umhverfismála í skólanum.

Deildarstjóri og umsjónarmaður skólans fylltu út gátlista í febrúar 2010.

### 3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Eitt af markmiðum var að fækka umhverfismarkmiðum skólans. Á Umhverfissfundi 3. maí 2007 var ákveðið að fækka markmiðunum úr tíu í fimm. Þau er:

- Að nemendur þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfisvænar vörur
- Að nemendur geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar og að ganga vel um náttúruna
- Að nemendur geri sér grein fyrir að með flokkun rusls er hægt að endurvinna og endurnýta ýmislegt sem annars færi í ruslið
- Að nemendur verði meðvitaðir um hversu mikið af rusli fellur til daglega
- Að skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins
- Haustið 2008 settum við okkur markmið að efla hreyfingu nemenda skólans.

Ennfremur var ákveðið að leggja áherslu á nokkur meginmarkmið skólans næstu tvö árin en það eru:

1. Halda við flokkun á sorpi í skólanum.
2. Auka útivist nemenda meðal annars með útikennslu.
3. Efla hreyfingu meðal nemenda og starfsfólks.
4. Efla umhverfisvitund nemenda í grenndarsamfélaginu, m.a. ganga vel um skólalóðina.
5. Leggja áherslu á endurnýtingu á ýmsu efni, m.a. til föndurgerðar

Við teljum að vinna með flokkun og umhverfismál almennt sé í góðu lagi. En við höfum áhuga á að auka virkni foreldra í þeirri vinnu. Nemendur eru beðnir um að ræða umhverfismál heima.

#### **4. Eftirlit og endurmat**

Í skólanum er starfandi þriggja manna nefnd sem reglulega metur umgengni í stofum og á göngum skólans. Umgengni um pappír, lífrænan úrgang, rusl, handþurrkur og ljós er skoðuð svo og almenn umgengni.

Starfsfólk er meðvitað um gildi umhverfismála og fræðir nemendur um gildi þess í gegnum námsefni, s.s. í náttúrufræðikennslu, útikennslu og í heimilisfræði og þegar aðstæður bjóða upp á slíka fræðslu.

Frá því Fossvogsskóli fékk Grænfánann hefur rafmagnskostnaður lækkað umtalsvert. Rafmagnsreikningur var um 20% lægri í maí 2004 en hann var í maí 1998 og í maí 2000. Stöðugur áróður er í skólanum að slökkva ljós þegar herbergi er yfirgefið.

#### **5. Fræðsla**

Í skólanámskrá 2009 – 2010 er náttúrufræði og lífsleikni kennd í öllum árgöngum og í þeim greinum mikil áhersla á umhverfismennt og útikennslu. (Sjá skólanámskrá á heimasíðu.). Sem dæmi má nefna að sex til ellefu ára nemendur fara í útikennslu í hverri viku í vetur óháð veðri. Í heimilisfræði er mikil umhverfisfræðsla.

Nemendur í fimmta bekk fara í skógarferð og sækja sér efni í skóginn og fá innsýn í skógarvistfræði og vinna verkefni úr afurðum skógarins.

Fræðsla á Grænfánaverkefninu til nemenda er einn stærsti póstur þess. Flokkun á úrgangi í stofum og utan hennar í skólanum hefur mikið fræðslugildi fyrir nemendur okkar. Í stofum er flokkað í lífrænan úrgang (ávestir og grænmeti), plast, gæða pappír og annar pappír og almennt sorp. Þó má geta þess að stöðugt þarf að minna nemendur á að skola vel plastlát undan jógúrt og skyrdósum. Rekinn er áróður fyrir að slökkva ljós í rýmum sem ekki eru í notkun. Ýmsir efnaafgangar eru nýttir í fönður eins og kostur er, t.d var allt jólaföndur úr endurnýttu efni, skordýr unnin úr pappamassa, bolluvendir gerðir úr tímaritum og afgangspappír.

Hér að neðan er ályktun frá í 4. bekk skólans.

Árgangafundur 4.bekkjara ályktar eftirfarandi:

**Hvernig gengur flokkun í stofum?**

Gengur nokkuð vel, þó þarf hinn fullorðni stundum að hafa afskipti, t.d. af plasti og þvotti á dósum og dollum sem eru meðferis vegna nestis. Gerum tillögu eins foreldris að okkar: „Í stað nestis væri kostur ef boðið væri upp á ávexti til kaups"

Flokkun á pappír gengur vel í stofu.

**Hvernig gengur að sjá til þess að slökkt sé í stofum sem eru ekki í notkun, t.d. þegar nemendur eru í sérgreinatímum?**

Varðliði á að sjá um að slökkva en það gengur ekki nógu vel. Hópur 8 hefur ekki komið sér upp varðliða :) Þar sér kennari oftast til að slökkt sé, t.d. á salerni.

**Hvernig gengur að fara með lífrænan úrgang út í safnkassa?**

Reglur eru mjög óskýrar hvað þetta atriði varðar, **sumir** fara með pokana alla leið út, aðrir inn á grænstöð. Umsjónarmenn sjá um þetta atriði ásamt því að vökva blómin.

Hvernig er staðið að málum hjá 3. Bekk:

*Hvernig gengur flokkun í stofum?*

Hjá okkur í hópum 6 og 7 gengur vel að flokka inni í stofunum. Krakkarnir eru orðnir klárir á því hvað fer hvert en ef þau eru ekki viss spyrja þau þannig að þau eru mjög meðvituð um að það skiptir máli hvert ruslið fer.

*Hvernig gengur að sjá til þess að slökkt sé í stofum sem eru ekki í notkun, t.d. þegar nemendur eru í sérgreinatímum?*

Ljósamálin eru líka í nokkuð góðu lagi, a.m.k. eru ljósin nær alltaf slökkt á eftir síðasta manni þó að það geti stöku sinnum gleymst.

Hvernig gengur að fara með lífrænan úrgang út í safnkassa?

Á hverjum föstudegi fara umsjónarmenn í h-6 með lífræna úrganginn út. Annað er ekki í boði.

Það hefur eitthvað misfarist hjá h-7 og kennarinn hefur séð um að fara með sorpið. Við tökum okkur á.

Endurvinnsla:

Við höfum verið mjög duglegar að endurnýta og hafa jólaföndur og annað föndur eins og t.d bolluvendir o.fl. verið úr endurnýtanlegu efni s.s. pökkum úr morgunkorni, könglum sem krakkarnir týndu sjálfir, dagblöðum og öðrum afgangspappír.

Kennari í einum 7 ára bekk sagði:

„Varðandi flokkunina þá gengur það vel og einnig með að slökkva þegar engin er í stofunni en við þurfum að standa okkur betur varðandi safnkassann úti. Hins vegar erum við að standa okkur frábærlega í endurnýtingu pappírs og t.d var allt jólaföndur úr endurnýttu efni, skordýr unnin úr pappamassa, bolluvendir gerðir úr tímaritum og afgangspappír :) .“

Að hausti höfum við haft tvo daga þar sem farið er vel yfir umhverfismarkmið skólans og þá er einnig útikennsla. Veggspjald með heildar markmiðunum hanga uppi í hverri stofu.

Í hverjum hópi skólans eru starfandi umhverfisvarðliðar. Hlutverk þeirra er að vera kennaranum til aðstoðar við að framfylgja umhverfismarkmiðum skólans. Einn nemandi úr árgangi er síðan umhverfishöfðingi og situr í umhverfisráði skólans. Umhverfisvarðliðar sjá um að losa lífrænan úrgang úr skólastofu einu sinni til tvisvar í viku í safnkassa sem er út á lóð.

Nemendur hreinsa skólalóð vikulega. Þeir flokka allt sem þeir safna í fötur og ganga frá á réttan stað undir stjórn kennara.

Reglulega er gengið í stofur og rætt um umgengni við gróður á skólalóð.

Viðurkenning eru veitt fyrir góða umgengni í skólastofum, þar sem umgengi um pappír, lífrænan úrgang, rusl, handþurrkur og ljós er skoðuð svo og almenn umgengni. Þetta er gert vikulega, með nokkrum hléum.

Á haustin og á vorin eru úti valsvæði þar sem áhersla er á hreyfingu.

### Útikennsla

Síðustu ár hefur verið mikið rætt um umhverfismál. Menntamálaráðuneytið, skólayfirvöld og fyrirtæki í landinu hafa verið að breyta um stefnu og landsmenn eru að verða meðvitaðari um umhverfi sitt. Í Aðalnámskrá grunnskóla sem kom út 1999 er kveðið skýrt á um að tengja skuli kennsluna meira við umhverfið og samfélagið.

Þessar kröfur ríkisins og í raun alls þjóðfélagsins um að börn eigi að fá fleiri tækifæri til að komast í snertingu við umhverfi sitt hljóta að verða til þess að kennsluhættir breytist að einhverju leyti og þá um leið námskrá grunnskólanna.

Útikennsla er ein af mörgum kennsluaðferðum sem notaðar eru í Fossvogsskóla í dag. Tenging þessarar kennsluaðferðar við náttúruna og það sem hún hefur upp á að bjóða er mikil. Með því að bæta útikennslu við þær kennsluaðferðir sem kennarinn nýtir sér þá gefur hann nemendum tækifæri til að nálgast náttúruna bæði í námi og starfi. Með þessari nýju kennsluaðferð vinnur kennarinn að því að virkja öll skilningarvit nemenda

### Þeir horfa, snerta, hlusta og lykta.

Mikilvægi útikennslu felst ekki síst í því að gefa nemendum tækifæri til að kynnast náttúru, byggð, sögu og umsvifum mannsins á ákveðnu svæði og að þeir upplifi hvernig allir þessir þættir fléttast saman og hvaða áhrif þeir hafa hver á annan.

*„Börnum er eðlilegt að vera sífellt að. Þau eru sífellt að kanna heiminn í kringum sig og reyna að botna í honum. Þar með eru þau sífellt að endurmóta þau hugsunarform sem til þess þarf að ná tökum á æ flóknari og fjölþættari vitneskju“ (Jóhann S. Hannesson 1982:4).*

Markviss útikennsla felst í því að setja fastan útidag á stundaskrá vikunnar. Tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni hverju sinni og tengt við ákveðna námsgrein eða þema. Auk þess tengist viðfangsefnið gjarnan því sem er að gerast í þjóðfélaginu eða umhverfinu hverju sinni.

## 6. Kynning vegna Grænfánans

### Skólaheimsóknir

Eitt af skilyrðum fyrir því að hafa Grænfána er að kynna verkefnið fyrir öðrum skólum. Nokkrir skólar hafa heimsótt Fossvogsskóla vegna Grænfánans og er skólinn vel kynntur í umhverfismálum út á við. Meðal skóla sem komið hafa eru

Grunnskóli Tálknafjarðar, Grunnskóli Grindavíkur, Háteigsskóli, Landakotsskóli og Grunnskóli Hverargerða.

Á haustin eru skólakynningar fyrir foreldra og þá er Grænfána verkefnið kynnt fyrir þeim og þeir hvattir til að taka á umhverfismálum heima fyrir. Nýjir starfsmaenn skólans fá kynningu á Grænfánaverkefninu.

## **7. Umhverfissáttmálinn**

Þegar Fossvogsskóli sótti um Grænfánann vorið 2002 voru samþykkt heildar umhverfismarkmið skólans.

### **Umhverfismarkmið Fossvogsskóla**

- að nemendur læri um gildi þess að ganga vel náttúruna
- að nemendur þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfissvænar vörur
- að nemendur geti greint jákvæðan áróður frá neikvæðum í auglýsingum
- að nemendur nýti upplýsingatækni til þess að auka þekkingu á umhverfi sínu og daglegu lífi
- að nemendur geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- að nemendur læri að meta útgjöld og rekstur heimilisins
- að nemendur séu meðvitaðir um gildi þess að flokka rusl
- að nemendur geri sér grein fyrir að með flokkun er hægt að endurvinna og endurnýta ýmislegt sem annars færi í ruslið
- að nemendur verði meðvitaðir um hversu mikið af rusli fellur til daglega
- að skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi og náttúru landsins

### **Lokaorð**

Sagu umhverfismála í Fossvogsskóla spannar tæplega 30 ár og áhersla á flokkun um tíu ár. Við hér í Fossvogsskóla vildum gjarnan að því sem við erum að gera í umhverfismálum væri fylgt eftir hjá öðrum skólum í hverfinu. Við erum t.d. ekki ánægð með að börn sem hafa í sjö vetur fengið umhverfisfræðslu hjá okkur og lært m.a. að flokka rusl skuli ekki vera látin halda því áfram þegar þau komast á unglingsstigið. Það verður að segjast að Grænfána verkefnið hefur ekki fengið hljómgrunn í leik- og grunnskólum í hverfinu þrátt fyrir að við höfum lofað þeim fræðslu og stuðningi og er það miður.

Við óttumst að borgarþingur almennt muni ekki taka við sér og fara að flokka sorp fyrir en borgaryfirvöld setja reglur þar að lútandi og beita sektum ef ekki er farið

## Skýrsla vegna Grænfána mars 2010

að reglum. En Reykjavíkurborg þarf líka að skapa nauðsynlegar aðstæður til þess að gera fólki kleift að sinna þessu verkefni m.a. með því að fjölga gámum. Þó má segja að jákvæðar breytingar hafi átt sér stað síðusta ár því Umhverfissvið Reykjavíkurborgar býður íbúum borgarinnar að fá Græna og bláa tunnu. Grænar tunnur eru frábrugðnar venjulegum svörtum tunnum að því leyti að þær eru tæmdar hálfsmánaðarlega í stað vikulega. Bláa tunnan er fyrir pappírsflokkinn og í hana má setja öll dagblöð, tímarit, markpóst og annan prentpappír. Þetta framtak borgarinnar er til fyrirmyndar og er framför frá því þegar Fossvogsskólinn sótti um Grænfánann í þriðja sinn vorið 2006. Fólk er að verða meðvitaðra um gildi flokkunar í samfélaginu. Því gerum við okkur vonir um að þegar við sækjum um Grænfánann í sjötta sinn 2012 hafi ástand í umhverfismálum okkar borgarbúa batnað enn frekar. Það þarf að beita öllum ráðum til að hvetja fólk til að flokka sorp, endurnýta það sem hægt er og þannig minnka það magn sem fer á haugana.

Í febrúar 2010 voru tæplega 170 skólar vítt og breitt um landið að flagga þeim græna og hefur þeim fjölgað töluvert á síðustu árum sem er vel. Af þessum tæplega 170 skólum eru rúmlega 80 grunnskólar með grænfána, 75 leikskólar og sjö framhaldsskólar.

Heildarfjöldi þeirra nemenda sem taka þátt í verkefninu er því rétt rúmlega þrjátíu þúsund eða tæplega 30% af öllum nemendum þessara skólastiga á landsvísu. Við verðum að vona að þegar þeir nemendur sem hafa fengið fræðslu um umhverfismál í gegnum Grænfána verkefnið muni í framtíðinni þrýsta á meiri breytingar í þágu umhverfisins og þá er mikið til barist ef sjónarmið þeirra koma því til leiðar að þjóðfélagið okkar verði sjálfbærara en það er vorið 2010.



## Skýrsla vegna Grænfána mars 2010



Fundur í Umhverfisráði haustið 2009

Reykjavík 8. mars 2010.

---

Árni Freyr Sigurlaugsson.

---

Óskar Einarsson skólastjóri.